

60. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 4.5. 2021, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig mætti til fundar undir 1. lið Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi sveitarfélagsins.

Samþykkt að bæta við tveimur liðum við áður kynnta dagskrá sem eru fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar 30.4.2021 (liður 5. f) og beiðni um framkvæmdarleyfi (liður 8).

Dagskrá:

1. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2020 seinni umræða. Sigurður Álfgeir Sigurðsson
2. Þjónustusamningur við Óbyggðasetur
3. Samningur sveitarfélaga um breytingar á Skólaskrifstofu Austurlands
4. Erindi um umhverfisstyrk á Egilsstöðum
5. Fundargerðir:
 - a. Almannavarna 15.3.2021
 - b. Héraðsskjalasafns Austurlands 29.3.2021
 - c. Héraðsskjalasafns Austurlands 8.4.2021
 - d. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga 15.4.2021
 - e. Aðalfundur Minjasafns Austurlands 14.4.2021
 - f. Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar
6. Ársreikningur Minjasafns Austurlands 2020
7. Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2020
8. Beiðni um framkvæmdarleyfi
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Önnur mál:
 1. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2020 seinni umræða.
Sigurður Álfgeir kynnti drög að ársreikningi sveitarfélagsins. Í framhaldinu var reikningurinn samþykktur samhljóða af sveitarstjórn.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 207,4 milljónum króna og rekstrargjöld 218,9 milljónir. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 2,1 milljón og rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um 55 milljónir króna.

2. Þjónustusamningur við Óbyggðasetur

Drög að nýjum þjónustusamningi við Óbyggðasetur kynnt. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn með þeim breytingum sveitarstjórnar sem samþykktar voru á fundinum.

3. Samningur sveitarfélaga um breytingar á Skólaskrifstofu Austurlands

Sveitarstjóri kynnti nýjan samning sveitarfélagana um Skólaskrifstofu Austurlands. Skrifstofan verður lögð niður í þeirri mynd sem hún hefur verið rekin í lok júlí 2021.

„Með samkomulagi þessu taka sveitarfélögin Fjarðabyggð og Múlaþing við því faglega hlutverki sem Skólaskrifstofa Austurlands hefur sinnt og tilgreint er í 2. gr. samnings um byggðasamlag um Skólaskrifstofu Austurlands og fellur undir A – deild.

Unnið verður að uppgjöri og frágangi allra fjárhagslegra skuldbindinga A deildar Skólaskrifstofu Austurlands og verða eignir hennar og skuldbindingar gerðar upp og skipt milli sveitarfélaganna miðað við stöðu þeirra 31. desember 2021.

Rekstur byggðasamlags um þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæði Austurlands sem byggist á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk og nefnist B deild í samningi um Skólaskrifstofu Austurlands verður áfram innan Skólaskrifstofu Austurlands en með breyttu skipulagi í umsjón.

Sveitarfélögin Fjarðabyggð og Múlaþing taka við hlutverkum skólaþjónustunnar gagnvart leik- og grunnskólum síns sveitarfélags eins og lög og reglugerðir skilgreina. Sveitarfélagið Múlaþing tryggir Vopnafjarðarhreppi og Fljótsdalshreppi skólaþjónustu með sérstöku samkomulagi þar sem útfærð er nánar framkvæmd skólaþjónustunnar. Sveitarfélög sem taka við hlutverkum skólaþjónustu eiga með sér samstarf um nýtingu sérfræðipækkingar starfsmanna og aðra þá þætti sem nýtast báðum aðilum til hagræðingar og eflingu þekkingar og þjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn en vill koma því á framfæri að ekki var haft samráð við sveitarfélagið um breytingar á Skólaskrifstofu Austurlands.

4. Erindi um umhverfisstyrk á Egilsstöðum

Varðar ósk um framlengingu á umhverfisstyrk veittum 2018 til klæðningar á íbúðarhúsinu á Egilsstöðum til lok þessa árs.

Samþykkt.

5. Fundargerðir:

a. Almannaþing 15.3.2021

- Kynnt
- b. Héraðsskjalasafns Austurlands 29.3.2021
Kynnt
 - c. Héraðsskjalasafns Austurlands 8.4.2021
Kynnt
 - d. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga 16.4.2021
Kynnt
 - e. Aðalfundur Minjasafns Austurlands 14.4.2021
Kynnt
 - f. Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar 30.4.2021
Liður 1. Skipulagsstofnun hefur samþykkt óverulega breytingu á aðalskipulagi vegna námu í Grjótáreyrum og birt í B deild stjórnartíðinda.
Liður 2. Sveitarstjórn samþykkir að veita byggingarleyfi fyrir íbúðar- og gestahúsi á Höllustöðum í landi Arnheiðarstaða.

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis og Lárus tók við fundarstjórn

Liður 3. Sveitarstjórn samþykkir að veita byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi í Brekkubæ í landi Brekkugerðis.

Jóhann kom aftur og tók við fundarstjórn

Liður 5. Starfsmenn Brunavarna ásamt byggingarfulltrúa mættu í lokaúttekt í Fljótisdalsgrund morguninn 30. apríl. Öllum aðgerðum sem tilgreindar eru í minnisblaði frá 14. des. 2020 er nú lokið. Starfsmenn Brunavarna luku lofsorði á hversu vel var brugðist við nauðsynlegum úrbótum af hálfu eigenda. Nú er ekkert til fyrirstöðu að starfsleyfið sé endurnýjað án athugasemda.

Það sem helst skyggir á er að gólf í veitingasal hefur orðið fyrir hnjaski og skemmdum. Leigutaki lýsti óánægju sinni með að það skyldi ekki hafa verið varið á fullnægjandi hátt á meðan framkvæmdir stóðu þar yfir. Bæði eru í því rispur og eins sjást í því blettir eftir eldvarnalakk sem erfitt er að fjarlægja.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina

- 6. Ársreikningur Minjasafns Austurlands 2020
Kynnt
- 7. Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2020
Kynnt
- 8. Beiðni um framkvæmdarleyfi

Landsvirkjun sækir um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr farvegi Grjótár á Hraunum

Samþykkt. Tímalengd verði í samræmi við umsóknina.

9. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri ræddi um að forgangsraða klæðningu á heimreiðum þannig að fyrst verði sett á þær heimreiðar sem ekki hafa bundið slitlag og taka síðar yfirlögn á þeim heimreiðum sem áður hefur verið lagt á bundið slitlag.

Ákveðið var að hefja undirbúning að hönnun á göngu og hjólreiðastíg frá Hengifossá og að Valþjófsstaðakirkju enda verði það gert í samráð við landeigendur. Hugað verði að umsókn í Framkvæmdasjóða ferðamannastaða tengt því verkefni. Jafnframt var ákveðið að kyndistöðin við Végarð yrði klædd að utan með lerki.

10. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir

Fundi slitið klukkan 17:48

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson

Lárus Heiðarsson

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Anna Jóna Árnarsdóttir

Eiríkur J. Kjerúlf